

**2021 nr. 3 8. febrúar****Lög um skipagjald**

Tóku gildi 1. júlí 2021.

**■ 1. gr. Fjárhæð og álagning.**

- Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð skipagjald af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá eins og hér segir:

*Skráningarlengd skips*    *Árlegt gjald (í kr.)*

|              |         |
|--------------|---------|
| < 8 metrar   | 10.940  |
| 8–15 metrar  | 19.600  |
| 15–24 metrar | 43.750  |
| 24–45 metrar | 86.800  |
| 45–60 metrar | 143.300 |
| ≥ 60 metrar  | 189.700 |

- Samgöngustofa fer með álagningu skipagjalds.
- Gjald skal miðað við skráningu 1. janúar ár hvert og er gjalddagi 1. apríl og eindagi 15. maí ár hvert. Við eigendaskipti ber fyrri eigandi ábyrgð á gjaldinu þar til umskráning hefur farið fram.
- Við afskráningu skips skal endurgreiða eða fella niður

skipagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af yfirstandandi gjaldtímabili.

**■ 2. gr. Lögveð.**

- Gjöldum samkvæmt lögum þessum fylgir lögveð í skipi í tvö ár frá því er gjald var kræft.

**■ 3. gr. Umsjón innheimtu.**

- Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu skipagjalds og skulu þeir skila því í ríkissjóð. Heimilt er að senda eiganda skips tilkynningu um álagningu skipagjalds rafrænt.

**■ 4. gr. Kæruheimild.**

- Greiðanda skipagjalds er heimilt að skjóta álagningu skipagjalds til yfirsattanefndar samkvæmt ákvæðum laga um yfirsattanefnd.

**■ 5. gr. Dráttarvextir.**

- Hafi skipagjald ekki verið greitt á eindaga skal greiða dráttarvexti, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af þeirri fjárhæð sem gjaldfallin er frá gjalddaga.

**■ 6. gr. Gildistaka.**

- Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2021.